

Erindisbréf fyrir stafshóp um styttingu vinnutíma (vinnutímanefnd)

Samið var um styttingu vinnutíma í nokkrum kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og einstakra stéttarfélaga við gerð nýlegra samninga. Skipaður hefur verið sérstakur innleiðingarhópur samningsaðila, þ.e. tveimur fulltrúum frá Kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og BSRB, BHM og ASÍ, einum fulltrúa frá hverjum aðila, sem verður starfræktur á gildistíma kjarasamningsins.

Samkvæmt leiðbeiningum frá innleiðingarhópnum er gert ráð fyrir að sveitarfélög skipi sérstaka vinnutímanefnd til að annast undirbúning og skipulagningu. Ákvað bæjarráð, á fundi sínum þann 9. september sl., að skipa vinnutímanefnd fyrir starfsemi Vestmannaeyjabæjar. Innleiðing umræddra breytinga á styttingu vinnutíma dagvinnufólks skal lokið eigi síðar en 1. janúar 2021 og breytingar á styttingu vinnutíma vaktavinnufólks eigi síðar en 1. maí 2021.

Vinnutímanefndin starfar tímabundið til 1. maí 2021., í umboði bæjarráðs, að viðræðum og undirbúningi á styttingu vinnutíma starfsfólks hjá Vestmannaeyjabæ skv. kjarasamningum þar um.

Vinnutímanefndina skipa þau; Eydís Ósk Sigurjónsdóttir, mannauðsstjóri og fulltrúi stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Unnur Sigmarsdóttir fulltrúi starfsfólks í Stavey, Arnar G. Hjaltalín, fulltrúi starfsfólks í Drífanda, Lára Dögg Konráðsdóttir, félagsráðgjafi, Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs og Ólafur Snorrason, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Hlutverk vinnutímanefndarinnar er að annast undirbúning og verkefnisstjórn meðan á verkefninu stendur.

Meðal helstu verkefna vinnutímanefndarinnar eru:

- verkefnisstjórnun og skipulag vinnunar,
- greining og stöðumat á vinnutíma starfsfólks sveitarfélagsins
- samskipti við sveitarstjórnir og innleiðingarhóp.
- leiða samtöl forstöðumanna og starfsfólks á hverjum vinnustað
- Útbúa tillögur að styttingu vinnutíma,
- undirbúa kosningu um tillögurnar

Starfshópurinn hefur ekki heimild til þess að stofna til útgjalda af hálfu bæjarsjóðs, en getur átt samráð við framkvæmdastjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs verði til þörf á innkaupum á vöru eða þjónustu.

Stefnt er að því að nefndin leggi fyrir bæjarráð tillögur að útfærslu á styttingu vinnutíma fyrir dagvinnufólk í byrjun desember.

Eydís Ósk Sigurðardóttir verður formaður vinnutímanefndarinnar. Formaður skal tilkynna fulltrúum nefndarinnar um áætlaða fundi með góðum fyrirvara. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

Formaður nefndarinnar boðar til funda í tölvupósti, þar sem fundarstaður og tími er tilgreindur. Formaðurinn skal halda bæjarstjóra og framkvæmdastjóra stjórnslu- og fjármálasviðs upplýstum um störf nefndarinnar.

Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir fulltrúa nefndarinnar.

Samþykkt þann 25. september 2020